

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2015.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2015 eru settar skv. 118. gr. nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2015.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2015 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	83	pr. lítra
Egg	512	pr. kg
Kartöflur	102	pr. kg
Rófur	143	pr. kg
Gulrætur	305	pr. kg
Lambakjöt	652	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	282	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	180	pr. kg
Ungnautakjöt	685	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	445	pr. kg
Folaldakjöt	305	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	120	pr. kg
Grísakjöt	423	pr. kg
Annað svínakjöt	302	pr. kg
Kalkúnar, endur og gæsir	640	pr. kg
Annað fuglakjöt	429	pr. kg
Fiskur	550	pr. kg

*Reykjavík, 19. desember 2014.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson.**

*Elín Alma Arthursdóttir.*